



Skóli margbreytileikans


Svanhildur María Ólafsdóttir
formaður Skólastjórafélags Íslands

Staðan í dag




- Um tveir áratugir frá 1994/5 frá Salamanga yfirlýsingunni og grunnskólalögunum 1995 þar sem áhersla var lögð á að allir nemendur gætu sótt nám í heimaskóla og við hæfi hvers og eins.
- Lögin 2008 kveða síðan á um opinbera menntastefnu um skóla án aðgreiningar
- Skólar í dag starfa undir stefnu án aðgreiningar og margt hefur þróast í þá átt en betur má ef duga skal.
- Bjargir eru mismunandi eftir sveitarfélögum, stoðþjónusta, ráðgjöf, fjármagn, fagfólk.
- Bráðaheilbrigðisþjónusta fyrir börn með geðfötlun, geðrænar truflanir og félagslega og hegðunarlega erfiðleika er ekki til staðar nema í alvarlegustu tilvikunum.
- Áhersla er lögð á greiningar og fjármagn fylgir þeim en ekki í takt við þarfir skólanna
- Togstreita á milli eldri og nýrrri hugsunar um sérúræði nemenda
- Er það skóli margbreytileikans eða breyttar áherslur í lögum og aðalnámskrá sem valda álagi í skólum?
- Menning í samvinnu skóla og heimila hefur t.d. breyst og aukist til muna og meiri kröfur eru gerðar til skólastarfsins í dag.


Hvert erum við komin?




Inclusion



Exclusion



Segregation



Integration

Rannsóknir sýna



- Jákvæð viðhorf bæði stjórnenda og kennara til margbreytilegs nemendahóps
- Þekking á hugmyndafræðinni er ekki nægjanleg
- Ákvarðanataka um innleiðingu kom ofan frá
- Skort á sameiginlegri sýn, skilningi og samræðu á hugtakinu skóli án aðgreiningar
- Það er ekki samræmi á milli orða og verka sveitarfélaga, stjórnenda og kennara
- Efla þarf starfhæfni, ábyrgð og öryggi stjórnenda og kennara

Anna Kolbrún Árnadóttir (2010) Þetta snýst allt um viðhorf.
Kristín Axelsdóttir (2012) Aðeins orð á blaði

Skólastefna KÍ - nemendur



- Öllum nemendum sé tryggður sambærilegur aðgangur að námi í grennd við heimili sitt, aðstöðu og tengdri þjónustu. Mikilvægt er að nemendur með sérþarfir og foreldrar þeirra hafi val milli hverfisskóla og sérskóla
- Nemendureigi kost á sveigjanlegu og skapandi skólastarfi þar sem lögð er áhersla á nám og kennslu við hæfi hvers og eins. Þeir þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og taki aukna ábyrgð á eigin námi eftir því sem líður á skólagöngu.
- Viðeigandi stoðþjónusta sem miðast við þarfir einstakra nemenda sé í boði innan skólanna eftir því sem við á og leitast sé við að fella slíkt starf með eðlilegum hætti inn í nám og kennslu. Nemendur hafi aðgang að fjölbreyttri félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Skóli og heimili hafi virk tengsl og beri sameiginlega ábyrgð á námi og velferð nemenda. Milli aðila ríki gagnkvæm virðing, traust, jafnræði og trúnaður.

Núgildandi lög og námskrá eru fyrir alla nemendur



- Hlutverk og meginmarkmið grunnskólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þetta markmið skólans á að vera samofið öllu skólastarfi, námi og kennslu, hverju fagi, verkefni og viðfangsefni.
- Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla eru síðan settir fram sex grunnþættir sem mynda kjarna þeirrar menntastefnu sem þar kemur fram. Þeim er ætlað að vera almennt leiðarljós í starfsháttum og allri menntun í grunnskóla og skulu þeir m.a. birtast í inntaki námsgreina, námssviða, hæfni nemenda, námsmati og skólanámskrá.
- Í skólastarfi er kennsla, einstök verkefni eða viðfangsefni ekki markmið í sjálfu sér heldur þau tæki sem við notum til að vinna sem best og árangursríkast að markmiðum grunnskólans fyrir hvern og einn nemanda

(Nanna Christiansen, 2013)

Skóli margbreytileikans



- Skilgreina þarf leiðir innan hvers skóla til að ná fram markmiðum stefnunnar og meta framkvæmd hennar
- Sameiginlegur skilningur á hugtakinu skóli án aðgreiningar og vilji til að vinna í þeim anda
- Innleiðing aðalnámskrár, samræða í tengslum við gerð nýrra skólanámskráa
- Þverfagleg samvinna, ráðgjöf og handleiðsla bæði innan skóla sem utan
- Aukin fræðsla í kennaranámi
- Þekking, mannauður og fjármagn
- Margbreytileg sértæk úrræði bæði innan skólans sem utan þurfa að vera til staðar til styttri eða lengri tíma

Skóli margbreytileikans



- Styrkja kennara, efla starfsþróun, starfshæfni þeirra og faglegt öryggi
- Efla fræðslu og samræðu um faglega og „praktíska“ þætti hvað varðar vinnulag, kennsluskipulag og kennsluhætti
- Gera kennurum kleift að taka ábyrgð á námslegri og félagslegri þátttöku allra nemenda
- Auka stoðkerfi í kringum kennara og nemendahópinn með ráðgjöf og handleiðslu
- Teymiskennsla, félagastuðningur, starfendarannsóknir
- Fleiri fagstéttir inn í skólana s.s. þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar

**Viðhorf okkar skapa viðmót okkar
sem hefur áhrif á það verklag
sem við temjum okkur.**

